



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu níu mánuði áranna 2010 og 2011

2011

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrir fyrstu níu mánuði áráanna 2010 og 2011. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir fyrstu níu mánuði áráanna 2010 og 2011.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um 5,5% fyrstu níu mánuði ársins 2011 samanborið við fyrstu níu mánuði ársins 2010. Fjöldi tilkynninga var 6.626 fyrstu níu mánuði ársins 2011 en 7.011 fyrstu níu mánuði ársins 2010. Fjöldi tilkynninga á höfuðborgarsvæðinu breyttist lítið, en tilkynningum á landsbyggðinni fækkaði um 17%. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barna eða 45,6% tilkynninga fyrstu níu mánuði ársins 2011, en 47,2% fyrstu níu mánuði ársins 2010. Alls voru 30,7% tilkynninga vegna vanrækslu fyrstu níu mánuði ársins 2011, en 31,4% fyrstu níu mánuði ársins 2010. Hlutfall tilkynninga um ofbeldi var 22,7% fyrstu níu mánuði ársins 2011, en 21,00% fyrstu níu mánuði ársins 2010. Hlutfall tilkynninga vegna þess að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var 1,0% fyrstu níu mánuði ársins 2011, en 0,5% fyrstu níu mánuði ársins 2010.

Fyrstu níu mánuði ársins 2011 var hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu 7,6%. Fyrstu níu mánuði ársins 2010 var hlutfallið 7,7%. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 4,9% fyrstu níu mánuði ársins 2011, en 4,0% fyrstu níu mánuði ársins 2010. Flestar tilkynningar voru frá lögreglu, en hlutfall þeirra var 49,7% fyrstu níu mánuði ársins 2011, en 50,3% fyrstu níu mánuði ársins 2010.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um fyrstu níu mánuði ársins 2011 var 5.437 börn, en sambærileg tala fyrir árið 2010 var 5.766 börn. Tilkynnt var því um tæplega 6,0% færri börn fyrstu níu mánuði ársins 2011 en fyrstu níu mánuði ársins 2010. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferðarheimili fækkaði fyrstu níu mánuði ársins 2011 miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir voru 65 fyrstu níu mánuði ársins 2011 en 109 fyrstu níu mánuði ársins 2010. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 69,3% umsókna fyrstu níu mánuði ársins 2011 og 76,2% árið 2010. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur bæði tímabilin, en 70,8% umsókna fyrstu níu mánuði ársins 2011 voru fyrir drengi og 61,5% árið 2010. Meðalaldur barna sem sótt var um meðferð fyrir var 15,7 ár fyrstu níu mánuði ársins 2011.

Alls bárust 55 umsóknir fyrstu níu mánuði ársins 2011 um Fjölkerfameðferð (MST), en 59 umsóknir fyrstu níu mánuði ársins 2010. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölpættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur eða 61,8% fyrstu 9 mánuði ársins 2011 og 57,6% fyrir sama tímabil árið 2010. Meðalaldur barnanna sem sótt var um fyrir var 15,2 ár árið 2011.

Umsóknum um fósturheimili fyrir börn fjölgaði úr 93 í 106 á umræddu tímabili. Flestar umsóknir voru um tímabundið fóstur eða 68,9% fyrstu níu mánuði ársins 2011, en þær voru 81,7% fyrstu níu mánuði ársins 2010. Hlutfall umsókna um styrkt fóstur hækkaði úr 12,9% fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2010 í 23,6% fyrir sama tímabil árið 2011. Fyrstu 9 mánuði ársins 2011 var hlutfall umsókna fyrir drengir 60,4%, en fyrstu níu mánuði ársins 2010 var hlutfall umsókna fyrir drengi 49,5%.

Í Barnahúsi voru rannsóknarviðtöl samtals 144 fyrstu níu mánuði ársins 2011, en 177 fyrstu níu mánuði ársins 2010. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 66,0% fyrstu níu mánuði ársins 2011 og 66,5 % fyrstu níu mánuði ársins 2010.

Fyrstu níu mánuði ársins 2011 voru 174 vistanir á neyðarvistun Stuðla, en 199 vistanir fyrir sama tímabil árið 2010. Vistunardögum fjölgaði fyrstu níu mánuði ársins 2011 miðað við sama tímabil árið á undan úr 1.147 dögum í 1.157 daga. Fjöldi einstaklinga fyrstu níu mánuði ársins 2011 var 81, en 85 einstaklingar komu í neyðarvistun fyrstu níu mánuði ársins 2010.

Fjöldi umsóknum þeirra sem óska eftir að gerast fósturforeldrar fjölgaði fyrstu níu mánuði ársins 2011 miðað við sama tímabil 2010. Samtals bárust 53 umsókn fyrstu níu mánuði ársins 2011, en 43 fyrir sama tímabil árið 2010. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 9 mán 2010		Fyrstu 9 mán 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	3.243	46,3	3.222	48,6
Seltjarnarnes	29	0,4	32	0,5
Kópavogur	632	9,0	615	9,3
Garðabær	101	1,4	75	1,1
Hafnarfjörður	528	7,5	654	9,9
Álftanes	80	1,1	44	0,7
Reykjanesbær	427	6,1	289	4,4
Grindavík	77	1,1	88	1,3
Sandgerði	231	3,3	168	2,5
Mosfellsbær	186	2,7	153	2,3
Akranes	92	1,3	96	1,4
Borgarfjarðar og Dala	23	0,3	28	0,4
Snæfellinga	17	0,2	12	0,2
Norðanverðir Vestfirðir	142	2,0	108	1,6
Vesturbyggð og Tálknafjörður	15	0,2	10	0,2
Húnaþing vestra	29	0,4	21	0,3
A-Hún	55	0,8	52	0,8
Skagafjörður	45	0,6	27	0,4
Útey	70	1,0	72	1,1
Eyjafjörður	279	4,0	248	3,7
Þingeyingar	80	1,1	39	0,6
Fljótsdalshérað	48	0,7	59	0,9
Fjarðabyggð	82	1,2	64	1,0
Hornafjörður	31	0,4	38	0,6
Árborg	126	1,8	136	2,1
Uppsveitir Árnessýslu	20	0,3	30	0,5
Hveragerði	36	0,5	30	0,5
Ölfus	9	0,1	11	0,2
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	48	0,7	40	0,6
Vestmannaeyjar	230	3,3	165	2,5
Samtals	7.011	100,0	6.626	100,0

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán 2010		Fyrstu 9 mán 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði*	4.799	68,4	4.795	72,4
Landsbyggð	2.212	31,6	1.831	27,6
Samtals	7.011	100,0	6.626	100,0

* Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarsýslur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um*

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 9 mán 2010		Fyrstu 9 mán 2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.528	43,8	2.515	46,3
Seltjarnarnes	28	0,5	30	0,6
Kópavogur	517	9,0	515	9,5
Garðabær	95	1,6	71	1,3
Hafnarfjörður	455	7,9	567	10,4
Álftanes	59	1,0	37	0,7
Reykjanesbær	383	6,6	259	4,8
Grindavík	68	1,2	67	1,2
Sandgerði	170	2,9	115	2,1
Mosfellsbær	160	2,8	133	2,4
Akranes	79	1,4	70	1,3
Borgarfjarðar og Dala	23	0,4	28	0,5
Snæfellinga	17	0,3	12	0,2
Norðanverðir Vestfirðir	116	2,0	99	1,8
Vesturbyggð og Tálknafjörður	14	0,2	10	0,2
Húnaþing vestra	24	0,4	20	0,4
A-Hún	35	0,6	43	0,8
Skagafjörður	38	0,7	24	0,4
Útey	70	1,2	72	1,3
Eyjafjörður	247	4,3	213	3,9
Þingeyingar	72	1,2	39	0,7
Fljótsdalshérað	44	0,8	48	0,9
Fjarðabyggð	79	1,4	60	1,1
Hornafjörður	31	0,5	38	0,7
Árborg	126	2,2	123	2,3
Uppsveitir Árnassýslu	19	0,3	28	0,5
Hveragerði	34	0,6	29	0,5
Ölfuss	5	0,1	11	0,2
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	44	0,8	35	0,6
Vestmannaeyjar	186	3,2	126	2,3
Samtals	5.766	100,0	5.437	100,0

* Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán 2010		Fyrstu 9 mán 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði	3.842	66,6	3.868	71,1
Landsbyggð	1.924	33,4	1.569	28,9
Samtals	5.766	100,0	5.437	100,0

* Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun*

	Fyrstu 9 mánuði 2010		Fyrstu 9 mánuði 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	3.727	64,6	3.450	63,5

Ástæður tilkynninga*

Ástæður tilkynninga	Fyrstu 9 mán 2010		Fyrstu 9 mán 2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	2.199	31,4	2.035	30,7
Líkamleg vanræksla	111	1,6	127	1,9
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit *Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	1.863	26,6	1.769	26,7
Vanræksla varðandi nám	541	7,7	502	7,6
Tilfinningaleg vanræksla	72	1,0	86	1,3
	193	2,8	135	2,0
Ofbeldi	1.470	21,0	1.503	22,7
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi *þar af heimilisofbeldi	805	11,5	806	12,2
Líkamlegt ofbeldi	280	4,0	324	4,9
Kynferðislegt ofbeldi	379	5,4	351	5,3
	311	4,4	353	5,3
Áhættuhegðun	3.306	47,2	3.024	45,6
Neysla barns á vímuefnum	629	9,0	572	8,6
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	677	9,7	774	11,7
Afbrot barns	1.513	21,6	1.247	18,8
Barn beitir ofbeldi	386	5,5	349	5,3
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	144	2,1	134	2,0
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	36	0,5	64	1,0
Tilkynningar alls	7.011	100,0	6.626	100,0
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	135		140	

* Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu 9 mán 2010		Fyrstu 9 mán 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	41	0,6	48	0,7
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	320	4,6	368	5,6
Nágrannar	541	7,7	513	7,7
Önnur barnaverndarnefnd	141	2,0	126	1,9
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	114	1,6	163	2,5
Lögregla	3.528	50,3	3.294	49,7
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	616	8,8	609	9,2
Leikskóli/gæsluforeldri	103	1,5	119	1,8
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	458	6,5	430	6,5
Foreldrar barns	687	9,8	609	9,2
Aðrir	462	6,6	347	5,2
Samtals	7.011	100,0	6.626	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu 9 mán 2010		Fyrstu 9 mán 2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	44	40,4	37	56,9
Götusmiðjan	29	26,6		
Meðferðarheimili	36	33,0	28	43,1
Samtals	109	100,0	65	100,0

*Meðferðarheimili Götusmiðjunnar hætti starfssemi í júní 2010

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán 2010		Fyrstu 9 mán 2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	50	45,9	33	50,8
Nágrenni Reykjavíkur*	33	30,3	12	18,5
Landsbyggð	26	23,8	20	30,8
Samtals	109	100,0	65	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um meðferð fyrir

Kyn	Fyrstu 9 mán 2010		Fyrstu 9 mán 2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	67	61,5	46	70,8
Stúlkur	42	38,5	19	29,2
Samtals	109	100,0	65	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um meðferð fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 9 mán 2010	Fyrstu 9 mán 2011
Meðalaldur barna	15,8	15,7

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

Umsóknir um Fjölkerfameðferð (MST)

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán 2010		Fyrstu 9 mán 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	22	37,3	33	60,0
Aðrir*	37	62,7	22	40,0
Samtals	59	100,0	55	100,0

*Þjónustusvæði MST spannar 60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

Kyn	Fyrstu 9 mán 2010		Fyrstu 9 mán 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	34	57,6	34	61,8
Stúlkur	25	42,4	21	38,2
Samtals	59	100,0	55	100,0

Meðalaldur barna sem sótt var um MST fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 9 mán 2010	Fyrstu 9 mán 2011
	Meðalaldur barna	14,8

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

Umsóknir um fóstur

Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu 9 mán 2010		Fyrstu 9 mán 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Tímabundið	76	81,7	73
Varanlegt	5	5,4	8	7,5
Styrkt	12	12,9	25	23,6
Samtals	93	100,0	106	100,0

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán 2010		Fyrstu 9 mán 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Reykjavík	45	48,4	44
Nágrenni Reykjavíkur*	21	22,6	22	20,8
Landsbyggð	27	29,0	40	37,7
Samtals	93	100,0	106	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um fóstur fyrir

Kyn	Fyrstu 9 mán 2010		Fyrstu 9 mán 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Drengir	46	49,5	64
Stúlkur	47	50,5	42	39,6
Samtals	93	100,0	106	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um fóstur fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 9 mán 2010	Fyrstu 9 mán 2011
	Samtals	10,7

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

Pjónusta í Barnahúsi

Pjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu 9 mánuði	
	2010	2011
	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	177	144
a. Skýrslutökur	39	39
b. Könnunarviðtöl	138	105
Greiningar-og meðferðarviðtöl	81	87
Læknisskoðanir	13	16

Kyn barna í Barnahúsi*

Kyn	Fyrstu 9 mánuði		Fyrstu 9 mánuði	
	2010		2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	59	33,5	49	34,0
Stúlkur	118	66,5	95	66,0
Samtals	177	100,0	144	100,0

*Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Neyðarvistun á Stuðlum

Vistanir, vistunardagar og fjöldi einstaklinga*

	Fyrstu 9 mánuði	
	2010	2011
	Fjöldi	Fjöldi
Fjöldi vistana	199	174
Vistunardagar	1.147	1.157
Fjöldi einstaklinga	85	81

*Hér er átt við fjölda vistana það sem af er árinu, heildarfjölda vistunardaga og fjölda einstaklinga vistaðir á árinu.

Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

Kyn	Fyrstu 9 mánuði		Fyrstu 9 mánuði	
	2010		2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	48	56,5	52	64,2
Stúlkur	37	43,5	29	35,8
Samtals	85	100,0	81	100,0

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu 9 mán 2010		Fyrstu 9 mán 2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík og nágrenni*	20	46,5	26	49,1
Vesturland	4	9,3	7	13,2
Vestfirðir	0	0,0	1	1,9
Norðurland	9	20,9	4	7,5
Austurland	2	4,7	2	3,8
Suðurland	5	11,6	4	7,5
Reykjanes	2	4,7	8	15,1
Fólk búsett erlendis	1	2,3	1	1,9
Samtals	43	100,0	53	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.